

*Úrskurður áfrýjunarnefndar samkeppnismála nr. 10/1996  
(Ákvörðun samkeppnisráðs nr. 24/1996)*

**Björgunarsveitin Berserkir  
gegn samkeppnisráði**

**I.**

Með bréfi, dags. 13. júní 1996, er barst áfrýjunarnefnd sama dag, hefur Baldur Gíslason fyrir hönd björgunarsveitarinnar Berserkja kært [ákvörðun samkeppnisráðs nr. 24/1996](#), dags. 22. maí 1996. Í ákvörðuninni segir að samkeppnisráð telji að notkun Landsbjargar á undirtitlinum landssamband björgunarsveita brjóti ekki gegn ákvæðum 21. og 25. gr. samkeppnislaga.

Áfrýjandi krefst þess að áfrýjunarnefndin felli framangreinda ákvörðun samkeppnisráðs úr gildi og ákveði að notkun Landsbjargar á undirtitlinum landssamband björgunarsveita verði bönnuð.

Samkeppnisráð krefst þess að umrædd ákvörðun samkeppnisráðs verði staðfest.

**II.**

Málavextir eru þeir að með bréfi, dags. 20. febrúar 1996, óskaði áfrýjandi eftir álitum Samkeppnisstofnunar á fréttatilkynningu Landsbjargar, landssambands björgunarsveita, á auglýsingu Landsbjargar um sölu á plástri. Þar sem ekki fylgdi neinn rökstuðningur bréfi áfrýjanda óskaði Samkeppnisstofnun eftir frekari rökstuðningi og barst hann stofnuninni í formlegu erindi, dags. 1. mars 1996. Í erindinu er kvartað yfir notkun Landsbjargar á undirtitlinum landssambandi björgunarsveita, en áfrýjandi telur að auglýsingar Landsbjargar þess efnis að ágóði af sölu plástra renni til eflingar björgunarstarfs um land allt sé villandi, þar sem undir merkjum Landsbjargar starfi innan við 30 hjálpar- og björgunarsveitir, en innan Slysavarnafélags Íslands (SVFÍ) starfi yfir 90 björgunarsveitir. Almennigur telji sig vera að styðja allar björgunarsveitir í landinu, en ekki einungis 1/4 þeirra. Með því skaðist áfrýjandi og aðrar björgunarsveitir SVFÍ fjárhagslega. Fór áfrýjandi fram á að framangreindur undirtitill yrði felldur út hjá Landsbjörg.

Erindi áfrýjanda var sent Landsbjörg til umsagnar. Í umsögn Landsbjargar, dags. 29. mars 1996, kemur m.a. fram að Landsbjörg, landssamband björgunarsveita, sé skrásett vörumerki með skráningarvottorði einkaleyfa- og vörumerkjaskrár frá 31. október 1991 og myndmerki Landsbjargar sé skráð með sama hætti með skráningu 29. apríl 1992. Landsbjörg sé landssamband björgunarsveita með aðildarsveitir í öllum landsfjórðungum. Það hafi hvergi verið kynnt eða auglýst að verið sé að styrkja allar björgunarsveitir landsins eða allt björgunarstarf í landinu.

Framangreind umsögn Landsbjargar var send áfrýjanda til umsagnar. Í umsögn áfrýjanda, dags. 11. apríl 1996, segir að það hafi verið mistök að heimila Landsbjörg skráningu á undirtitlinum landssambandi björgunarsveita á sínum tíma, þar sem SVFÍ hafi fyrr á árinu 1991 fengið merki sitt ásamt þessum undirtitli skráð hjá einkaleyfa- og vörumerkjaskrá.

Í niðurstöðum samkeppnisráðs kemur fram að notkun Landsbjargar á margnefndum undirtitli brjóti ekki gegn ákvæðum 21. gr. og 25. gr. samkeppnislaga. Bæði merki og undirtitlar SVFÍ og Landsbjargar séu skráð á lögmætan hátt og séu því gildar og jafnréttáar sem skrásett vörumerki. Ekki sé hætta á að undirtitill Landsbjargar, landssambands björgunarsveita, sé villandi eða geti valdið misskilningi svo fremi sem hann sé notaður með nafni félagsins.

### III.

Áfrýjandi ítrekar röksemdir þær sem þegar hafa komið fram við meðferð máls þessa hjá samkeppnisráði. Áfrýjandi fellst ekki á þá niðurstöðu samkeppnisráðs að Landsbjörg og SVFÍ hafi jafnan rétt til notkunar á undirtitlinum landssambandi björgunarsveita. Vísar áfrýjandi til þess að SVFÍ hafi skráð undirtitilinn sem vörumerki á undan Landsbjörg og sé því notkun Landsbjargar á undirtitlinum óheimil þar sem um sé að ræða vörumerki sem SVFÍ hafi þegar tekið í notkun, sbr. 3. mgr. 3. gr. laga nr. 47/1968 um vörumerki.

Samkeppnisráð hefur ítrekað fyrri málsástæður.

Landsbjörg hefur einnig komið fram að sínum sjónarmiðum sem falla í aðalatriðum saman við sjónarmið samkeppnisráðs.

#### **IV. Niðurstöður**

Björgunarsveitin Berserkir, áfrýjandi máls þessa, er sérstök deild í Slysavarnafélagi Íslands. Hefur hún fengið heimild til þess að koma fram fyrir hönd Slysavarnafélags Íslands í máli þessu.

Svo sem greinir í hinni áfrýjuðu ákvörðun var orð- og myndmerkið Slysavarnafélag Íslands ásamt orðhlutanum Landssamband björgunarsveita skráð 26. júlí 1991 og er skráningin nr. 730/1991. Umsókn um þessa skráningu var birt til andmæla í 5. tölublaði Vörumerkja- og einkaleyfatíðinda 23. maí 1991.

Orð- og myndmerkið Landsbjörg ásamt orðhlutanum Landssamband björgunarsveita var skráð 29. apríl 1992 og er skráningin nr. 426/1992. Umsókn um þá skráningu var birt til andmæla í 2. tölublaði Vörumerkja- og einkaleyfatíðinda 27. febrúar 1992.

Skráning Landsbjargar á orð- og myndmerki sínu fór fram í samræmi við málsmeðferðarreglur laga nr. 47/1968 um vörumerki. Skráningunni hefur ekki verið hnekkð á þann hátt sem í vörumerkjalögum greinir. Af því leiðir að notkun á merki þessu í heild getur ekki verið tilefni til aðgerða af hálfu samkeppnisyfirvalda eins og málavöxtum er háttað.

Af þessum ástæðum og að öðru leyti með hliðsjón af þeim röksemdum sem fram koma í niðurstöðum hinnar áfrýjuðu ákvörðunar þykir mega staðfesta hana.

#### **V. Úrskurðarorð**

Ákvörðun samkeppnisráðs nr. 24/1996 frá 22. maí 1996 er staðfest.